



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónamiði

Áfangaskýrsla I

Áfangaskýrsla fyrir meginmálaflokk mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum og lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu fyrsta áfanga verkefnisins.

Samantekt

Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri fjárlagagerð fjallar um styrkjakerfi vísindarannsókna. Áhersla verður lögð á að greina sókn í opinbera samkeppnissjóði og úthlutanir úr þeim út frá kynjasjónarmiði. Verkefnið felst því í að rýna styrkjaferlið frá upphafi til enda og leggja mat á það með kynjasjónarmið að leiðarljósi.

Staða verkefnisins í júní 2012 er í samræmi við tímaáætlun. Í henni var gert ráð fyrir að fyrirbyggjandi grundvallartölfræði yrði skoðuð og metið hvaða gagna þyrfti að afla til viðbótar, teknar yrðu saman upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum og ráðum, rýnt í lykilhugtök og orðalag í auglýsingum og úthlutunarreglum. Í samræmi við upphaflega áætlun um umfang verkefnisins hefur sjónum verið beint að eftirtöldum sjóðum: Rannsóknasjóði, Rannsóknarnámssjóði, Tækjasjóði, Markáætlun, Nýsköpunarsjóði námsmanna, Launasjóði fræðiritahöfunda, Fornleifasjóði, Tækniþróunarsjóði, Orkusjóði, Átaki til atvinnusköpunar, AVS- rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Verkefnasjóði sjávarútvegsins (samkeppnisdeild) og Framleiðnisjóði landbúnaðarins (R&P hluta). Ekki hefur enn tekist að afla fullnægjandi gagna um fjóra síðastnefndu sjóðina. Áætlað er að verkefninu ljúki um mitt ár 2014.

Efnisyfirlit

Um verkefnið	3
Greining og niðurstöður	3
Rannsóknasjóður	4
Rannsóknarnámssjóður	5
Tækjasjóður	6
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	8
Tækniþróunarsjóður	9
Nýsköpunarsjóður námsmanna	10
Fornleifasjóður	11
Launasjóður fræðiritahöfunda	12
Orkusjóður	13
Átak til atvinnusköpunar	15
AVS – Aukið verðmæti sjávarfangs - Rannsóknasjóður í sjávarútvegi.	16
Verkefnasjóður sjávarútvegsins (deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði)	17
Framleiðnisjóður landbúnaðarins (hluti til rannsókna og þróunar)	18
Heildarniðurstöður fyrsta áfanga	20

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónamiði.	Dags.	15. júní 2012.
Lýsing verkefnis	Greina sókn í opinbera samkeppnissjóði og úthlutanir úr þeim. Rýna styrkjaferlið frá upphafi til enda og meta út frá kynjasjónarmiði.		
Markmið verkefnis	Varpa ljósi á aðgang karla og kvenna að fé úr opinberum samkeppnissjóðum. Kortleggja stöðuna og koma með tillögur að endurbótum eftir því sem við á.		
Jafnréttismarkmið verkefnis	Greina hvort réttlát úthlutun fjármagns sé tryggð í núverandi úthlutunarreglum		

Greining og niðurstöður

Staða verkefnis er í samræmi við tímaáætlun. Teymi ráðuneytisins um kynjaða hagstjórn hefur farið yfir fyrirbyggjandi tölfræðiupplýsingar og metið hvaða gagna þarf að afla til viðbótar. Teymið hefur leitast við að víkja ekki um of frá ramma verkefnisins þó svo oft hafi nýjar áhugaverðar spurningar vaknað við athugun gagnanna.

Viðfangsefni

Í samræmi við upphaflega áætlun um umfang verkefnisins hefur sjónum verið beint að þeim sjóðum sem eru opnir umsækjendum óháð vinnustað og styrkja verkefni í opinni samkeppni. Fjöldi sjóða styður rannsóknánám, rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun á Íslandi en margir þeirra eru innan stofnana og einungis opnir umsækjendum frá þeim eins og t.d. hjá háskólunum, Landspítala - háskólasjúkrahúsi o.fl. Þeir sjóðir sem teymi mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur beint sjónum að heyra undir þrjú ráðuneyti.

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Rannsóknasjóður, Rannsóknarnámssjóður, Tækjasjóður, Markáætlun á sviði vísinda og tækni, Fornleifasjóður, Launasjóður fræðirithöfunda og Nýsköpunarsjóður námsmanna.
- Iðnaðarráðuneyti: Tækniþróunarsjóður, Orkusjóður, Átak til atvinnusköpunar.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti: AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Verkefnasjóður sjávarútvegsins (samkeppnisdeild) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (R&D hluti).

Teknar hafa verið saman upplýsingar um umsóknir, úthlutanir og kynjahlutföll í nefndum og ráðum sem tengjast þessum sjóðum. Jafnframt hefur verið rýnt í lykilhugtök og orðalag bæði í auglýsingum og úthlutunarreglum. Helstu niðurstöður þessara greininga má sjá hér á eftir í tengslum við umræðu um hvern sjóð. Ekki hefur enn tekist að afla fullnægjandi gagna um umsóknir, úthlutanir, nefndir og ráð sjóðanna Átak til atvinnusköpunar, AVS, Verkefnasjóð sjávarútvegsins og Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Með hugtakinu vísindarannsóknnum er átt við allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati. Rannsóknasjóður starfar skv. lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í úthlutunarreglum, auglýsingum og leiðbeiningum fyrir umsóknir árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri með ólíkum hætti til kynjanna.

Stjórn

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manna stjórn til þriggja ára þar af fjóra skv. tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Formaður vísindanefndar (sem ráðherra skipar án tilnefningar) er formaður stjórnar Rannsóknasjóðs.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2009-2012	2	3

Fagráð

Fagráð	2009		2010		2011	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	5	2	5	2	5	2
Náttúru- og umhverfisvísindi	4	3	5	2	5	2
Heilbrigðis- og lífvísindi	3	4	3	4	4	3
Félags- og hugvísindi	3	4	4	3	5	2
Heildarfjöldi	15	13	17	11	19	9

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	240	158	66%	82	34%
2010	258	167	65%	91	35%
2011	240	154	64%	86	36%
Samtals	738	479	65%	259	35%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	51	36	71%	15	29%
2010	47	29	62%	18	38%
2011	37	25	68%	12	32%
Samtals	135	90	67%	45	33%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	158	36	23%	82	15	18%
2010	167	29	17%	91	18	20%
2011	154	25	16%	86	12	14%
Samtals	479	90	19%	259	45	17%

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms við háskóla eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Rannsóknarnámssjóður starfar skv. lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 og reglugerð nr. 16/2008.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í úthlutunarreglum, auglýsingum og leiðbeiningum fyrir umsóknir árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. Vert er þó að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfðað að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefni einn fulltrúa og vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs einn fulltrúa. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem jafnframt er formaður stjórnar sjóðsins.

Stjórn

Styrkár	Karlar	Konur
2009	1	2
2010	2	1
2011	2	1
Heildarfjöldi	5	4

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	109	36	34%	73	66%
2010	115	38	33%	77	67%
2011	135	58	43%	77	57%
Samtals	359	132	37%	227	63%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	25	9	36%	16	64%
2010	26	10	38%	16	62%
2011	15	9	60%	6	40%
Samtals	66	28	42%	38	58%

Árangurshlutfall -kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	36	9	25%	73	16	22%
2010	38	10	26%	77	16	21%
2011	58	9	16%	77	6	8%
Samtals	132	28	21%	227	38	17%

Tækjasjóður

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma. Sjóðurinn starfar skv. lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Skv. reglum sjóðsins greiðir framlag Tækjasjóðs að hámarki 75% af kostnaði við fjárfestinguna án virðisaukaskatts.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi auglýsingar vegna umsókna árið 2011 kom fram að um sé að ræða „styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna“ og „greiðir aðeins hluta kostnaðar“ sem höfðar að öllum líkindum fremur til karla en kvenna þar sem þær eru síður áhættusæknar skv. niðurstöðum rannsóknar sem gerð hefur verið hjá Byggðastofnun. Tekið er þó fram að textinn „styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna“ er beint úr 2. gr. laga nr. 3/2003.

Stjórn

Stjórn Rannsóknasjóðs fer jafnframt með stjórn Tækjasjóðs og er því vísað í umfjöllun um Rannsóknasjóð.

Fagráð

Styrkár	Karlar	Konur
2009	5	5
2010	4	2
2011	4	2
Samtals	13	9

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	52	40	77%	12	23%
2010	75	51	68%	24	32%
2011	55	42	76%	13	24%
Samtals	182	133	73%	49	27%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	46	38	83%	8	17%
2010	24	14	58%	10	42%
2011	23	18	78%	5	22%
Samtals	93	70	75%	23	25%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	40	38	95%	12	8	67%
2010	51	14	27%	24	10	42%
2011	42	18	43%	13	5	38%
Samtals	133	70	75%	49	23	47%

Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Markáætlun á sviði vísinda og tækni er talin mikilvæg leið fyrir stjórnvöld til að samstillta, leggja nýjar áherslur og byggja upp árangursríkt starf á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Markáætlanir á sviði vísinda og tækni styrkja tímabundið átaksverkefni í opinni samkeppni á ákveðnum tilteknum sviðum. Hingað til hafa þrjár markáætlanir verið starfræktar á Íslandi. Sú fyrsta, frá 1999 til 2003, um umhverfisvísindi og upplýsingatækni, sú næsta, frá 2005 til 2009, um erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni, og sú nýjasta, frá 2009 til 2015, um öndvegissetur og klasa. Einungis sú síðasta fellur undir þetta verkefni í kynjaðri hagstjórn.

Á grundvelli stefnumörkunar Vísinda- og tækniráðs í desember 2007 var bent á átta svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. Auglýst var eftir hugmyndum að öndvegissetrum eða rannsóknaklösum á þeim sviðum. Alls bárust 82 hugmyndir og fengu verkefnisstjórar tíu þeirra styrk til að fullvinna umsóknir. Þrjú verkefni voru síðan valin til að hljóta styrk.

Úthlutunarreglur og auglýsingar

Orðræðugreining hefur ekki farið fram þar sem ekki hafa verið auglýstar nýjar markáætlanir á þeim árum sem þetta verkefni nær yfir.

Stjórn

Stjórn Rannsóknasjóðs var falin úthlutun styrkja í Markáætlun 2009-2015 með vísan í 9. gr. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir þar sem kveðið er á um heimild menntamálaráðherra til að fela stjórn Rannsóknasjóðs úthlutun annarra sjóða samkvæmt frekari ákvörðun þar um. Því er vísað í stjórn Rannsóknasjóðs.

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi fullbúinna umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009-2015	10	7	70%	3	30%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009-2015	3	2	67%	1	33%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009-2015	7	2	29%	3	1	33%

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra. Hann starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingum fyrir umsóknir árið 2011 kemur fram að um þrjá flokka verkefna sé að ræða, Verkefnisstyrkir, Frumherjastyrkir og Brúarstyrkir. Segja má að tveir þeirra séu karllægir skv. orðalagi: „Frumherjastyrkir“ þar sem hugtakið telst karllægt á meðan nýsköpun höfðar betur til kvenna og „Brúarstyrkir“ vísa til vegagerðar og byggingaframkvæmda sem er karllægur raunveruleiki hér á landi.

Stjórn

Stjórn Tækniþróunarsjóðs er skipuð sjö einstaklingum sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára skv. tilnefningum Vísinda- og tækniráðs, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Iðnaðarráðherra skipar einn án tilnefningar og velur jafnframt formann úr hópi sjóðsstjórnar.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2009-2012	3	4

Fagráð

Styrkár	Karlar	Konur
2009	9	5
2010	10	6
2011	8	8
Heildarfjöldi	27	19

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	303	253	83%	50	17%
2010	223	181	81%	42	19%
2011	217	174	80%	43	20%
Samtals	743	608	82%	135	18%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	88	75	85%	13	15%
2010	68	47	69%	21	31%
2011	42	29	68%	13	31%
Samtals	198	151	76%	47	24%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	253	75	30%	50	13	26%
2010	181	47	26%	42	21	50%
2011	174	29	17%	43	13	30%
Samtals	608	151	25%	135	47	35%

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Sjóðurinn starfar skv. reglugerð nr. 450/2007, með breytingum nr. 105/2008.

Háskólanemar í grunn- og meistaranámi geta sótt um en einnig sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingum vegna umsókna árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. Í reglugerð er ekki kyngreining og kynjakvóti ekki nefndur um stjórnarfyrirkomulag. Endurskoða þarf orðalag í upplýsingum um sjóðinn þar sem til dæmis má sjá orðalagið: „Ungt fólk er oft djarft og frjótt í hugsun“ og má hér finna heppilegri lýsingarorð sem höfða jafnt til kvenna og karla. Hugtakið „djarfur“ er oft notað um stráka/karla og „frjótt“ vísar til frjósemi sem getur verið óheppilegt í ýmsu samhengi.

Stjórn

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manna sjóðsstjórn. Samtök stúdenta við alla háskólana, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver einn fulltrúa. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem er jafnframt formaður sjóðsstjórnar.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2009-2011	2	3
2011-2014	2	3
Samtals	4	6

Kynjuð greining á úthlutunum

Kynjuð greining á Nýsköpunarsjóði námsmanna er ákveðnum vandkvæðum bundin. Oft er um hópa námsmanna að ræða sem sækja um styrki og enginn eiginlegur aðalumsækjandi. Skráning umsækjenda hefur ekki verið með þeim hætti að einfalt sé að flokka umsækjendur eftir kyni. Því liggja ekki fyrir greiningar á úthlutunum.

Fornleifasjóður

Hlutverk Fornleifasjóðs er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngrípum. Styrkjum er úthlutað til fornleifarannsókna, forvörslu, minjaverndar, fornleifaskráningar og annarra verkefna en þeirra sem þegar hafa verið talin og stjórn Fornleifasjóðs metur styrkhæf. Úthlutunarreglur er settar skv. heimild í 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum:

Í orðalagi og lykilhugtökum í úthlutunarreglum, auglýsingum og leiðbeiningum fyrir umsóknir árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. Vert er þó að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfðað að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Styrkár	Karlar	Konur
2009	3	0
2010	3	0
2011	2	1
Heildarfjöldi	8	1

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%	ótilgreint	%
2009	45	25	56%	18	40%	2	4%
2010	49	20	41%	29	59%	0	0%
2011	45	23	51%	21	47%	1	2%
Samtals	139	68	49%	68	49%	3	2%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	14	7	50%	7	50%
2010	13	6	46%	7	54%
2011	16	9	56%	7	44%
Samtals	43	22	51%	21	49%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	35	7	20%	18	7	39%
2010	20	6	30%	29	7	24%
2011	23	9	39%	32	7	22%
Samtals	78	22	27%	79	21	27%

Launasjóður fræðiritahöfunda

Meginhlutverk sjóðsins er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi til eflingar íslenskrar menningu. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Stjórn sjóðsins úthlutar árlega starfslaunum úr sjóðnum. Starfslaun eru veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Sjóðurinn starfar skv. reglum menntamálaráðherra um Launasjóð fræðiritahöfunda nr. 268/1999.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í vinnureglum og auglýsingum fyrir umsóknir árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. . Vert er þó að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfðað að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til tveggja ára í senn. Rannsóknamiðstöð Íslands og Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, tilnefna einn fulltrúa hvor. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem jafnframt er formaður stjórnar.

Stjórn

Styrkár	Karlar	Konur
2009	2	1
2010	2	1
2011	1	2
Heildarfjöldi	5	4

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	40	28	70%	12	30%
2010	29	16	55%	13	45%
2011	52	34	65%	18	35%
Samtals	121	78	64%	43	36%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	6	3	50%	3	50%
2010	6	3	50%	3	50%
2011	6	3	50%	3	50%
Samtals	18	9	50%	9	50%

Árangurshlutfall -kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	28	3	11%	12	3	25%
2010	16	3	19%	13	3	23%
2011	34	3	9%	18	3	17%
Samtals	78	9	12%	43	9	21%

Orkusjóður

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Orkusjóður heyrir undir iðnaðarráðuneyti en umsýsla fer fram á Akureyrarsetri Orkustofnunar. Orkusjóður starfar skv. lögum um Orkustofnun nr. 87/2003 og reglum nr. 514/2003 um Orkusjóð.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2011 má sjá karllæg orð í fyrsta hluta auglýsingar 2012 „áhættulán“, „smíði“ en síðan kvenlægari „til ... fræðslu og upplýsingastarfsemi“. Tekið er fram að styrkveitingar séu „að hámarki 50% af áætluðum kostnaði“ sem höfðar til áhættufælni kvenna. Einnig er spurning um hvort reglur vegna greiðslna eftir á séu karllægar. Samkvæmt verklagsreglum má skoða hvar er auglýst og athuga má hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Hjá Orkustofnun starfar Orkuráð, sbr. 6. gr. laga um Orkustofnun, sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Iðnaðarráðherra skipar fimm manna Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2007-2011	2	3

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	NA	NA	%	NA	%
2010	52	42	81%	10	19%
2011	52	40	77%	12	23%
Samtals	104	82	79%	22	21%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	13	12	92%	1	8%
2010	18	15	83%	3	17%
2011	15	12	80%	3	20%
Samtals	46	39	85%	7	15%

Árangurshlutfall -kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	NA	NA	%	NA	NA	%
2010	42	15	36%	10	3	30%
2011	40	12	30%	12	3	25%
Samtals	82	27	33%	22	6	27%

Átak til atvinnusköpunar

Markmið verkefnisins er að styðja þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta og styðja undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla og sprotafyrirtækjum. Átak til atvinnusköpunar er styrkátlan iðnaðarráðuneytisins fyrir nýsköpunarverkefni og markaðsaðgerðir starfandi frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækja og felur ráðuneytið Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands umsýslu verkefnisins. Engin lög eða reglugerð eru um verkefnið.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2009 kom fram að „nýsköpun og frumkvöðlastarf eru lykilþættir í að byggja upp sterkt atvinnulíf“ sem telst annars vegar karllægt og hins vegar kvenlægt samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerð hefur verið hjá Bygðastofnun. . Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar fimm manna stjórn til eins árs í senn.

Ár	Karlar	Konur
2009	2	2
2010	N/A	N/A
2011	N/A	N/A
Heildarfjöldi		

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	NA	NA	%	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%	ótilgreint	%
2009	106	45	42%	13	12%	48	46%
2010	45	15	33%	13	29%	17	38%
2011	NA	NA	%	NA	%		%
Samtals	NA	NA	%	NA	%		%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	NA	NA	%	NA	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	NA	%

AVS – Aukið verðmæti sjávarfangs - Rannsóknasjóður í sjávarútvegi.

AVS rannsóknasjóður veitir styrki til rannsóknaverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókn-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um styrki til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Sjóðurinn starfar skv. reglum nr. 81/2010. Sjóðurinn hefur eigin umsýsluskrifstofu.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2010 kom fram áhersla á fjármagn sem gæti talist hátt ef tekið er mið af áhættufælni kvenna: „Miðað er við 8 m.kr sem hámarksupphæð styrks“ og „greiða allt að 50% af kostnaði verkefnisins, en hámarksstyrkur er 6 m.kr.“ . Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Sjávar- og landbúnaðarráðherra skipar sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn.

Stjórn

Ár	Karlar	Konur
2012	3	4

Fagráð

Stjórn AVS skipar faghópa fyrir tiltekin svið atvinnugreinanna til tveggja ára í senn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra né samsetningu.

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	NA	NA	%	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	78	56	72%	22	28%
2010	79	61	77%	18	23%
2011	48	37	77%	11	23%
Samtals	205	154	75%	51	25%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	NA	NA	%	NA	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	NA	%

Verkefnasjóður sjávarútvegsins (deild um sjávarrannsóknir á samkeppnisviði)

Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga, fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir til verkefna sem efla rannsóknar- og þróunarverkefni á lífríki sjávar umhverfis Ísland og efla til lengri tíma litið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs. Verja skal fénu til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Verkefnasjóður sjávarútvegsins starfar samkvæmt lögum nr. 37 / 1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafla með síðari breytingum og 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og reglugerð nr. 679/ 2009.

Verkefnasjóðurinn starfar í tveimur deildum, almennri deild, og deild um sjávarrannsóknir á samkeppnisviði sem er umfjöllunarefni hér. Þar eru veittir styrkir til verkefna einstaklinga, fyrirtækja, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnana og er úthlutað til verkefna sem efla rannsóknar- og þróunarverkefni á lífríki sjávar umhverfis Íslands og efla til lengri tíma litið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2011 kemur fram að styrkir eru veittir til „stærri verkefna“ en niðurstöður rannsókna benda til þess að konur forðist áhættur umfram karla og þess vegna er hætt á að körlum sé hér gert hærra undir höfði en konum. Einnig kemur fram að minni fjárhæðir séu ætlaðar til „smærri verkefna“ og mætti athuga hvort það orðalag höfði fremur til kvenna en karla. Tónninn í lok auglýsingar er harkalegur og þar með má telja hann karllægan: „Þeir sem fengu styrk úr sjóðnum við síðustu úthlutun og hyggjast sækja um framhaldsstyrk skulu skila skýrslu um stöðu verkefnisins, ella koma viðkomandi umsóknir ekki til greina við úthlutun.“ . Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í stjórn. Stjórn deildar um sjávarrannsóknir á samkeppnisviði er skipuð tveimur körlum og einni konu (árið 2010).

Stjórn

Fyrir liggja upplýsingar um skipan stjórnar árið 2010.

Ár	Karlar	Konur
2010	2	1

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	NA	NA	%	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	26	17	65%	9	35%
2010	NA	NA	%	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	NA	NA	%	NA	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	NA	%

Framleiðnisjóður landbúnaðarins (hluti til rannsókna og þróunar)

Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma

landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. Styrkveitingar eru til eftirfarandi: atvinnunýsköpunar á bújörðum, félaga og fyrirtækja vegna annarrar atvinnusköpunar í dreifbýli, rannsókn- og þróunarverkefna, fræðslumála og vatnsaflsvirkjana á bújörðum.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur leitast við að styðja frumkvæði og vænleg viðfangsefni og svara eftirspurn án þess að halda fram einu umfram annað. Í seinni tíð hefur stuðningur sjóðsins í vaxandi mæli beinst að þróunar- og rannsóknarverkefnum og stærri verkefnum á sviði atvinnuuppbyggingar í dreifbýli. Rýrnandi tekjustofnar síðustu misseri hafa þó þrengt möguleika sjóðsins á þessu sviði. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 89/1966 (með síðari breytingum). Engin reglugerð. Hins vegar, allar götur frá árinu 1979, hefur Framleiðnisjóður starfað með hliðsjón af ákvæðum ýmissa annarra lagaákvæða sem hafa lagt sjóðnum skyldur á herðar en jafnframt tryggt honum fé til fullnustu þeirra. Í þessu efni vísast nú til 3. gr. laga nr. 70/1998 (Búnaðarlög)

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í vinnureglum og lögum um sjóðinn var ekki að sjá að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. . Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn; tvo án tilnefningar, þar af annan sem formann, tvo tilnefnda af Bændasamtökum Íslands og einn af iðnaðarráðherra.

Stjórn

Fyrir liggja upplýsingar um skipan stjórnar árið 2010.

Ár	Karlar	Konur
2010	3	2

Kynjuð greining á úthlutunum

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	NA	NA	%	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi			Ótilgreint		%	
	styrkja	Karlar	%	Konur	%		
2009	97	23	24%	12	12%	62	64%
2010	NA	NA	%	NA	%		%
2011	NA	NA	%	NA	%		%
Samtals	NA	NA	%	NA	%		%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	NA	NA	%	NA	NA	%
2010	NA	NA	%	NA	NA	%
2011	NA	NA	%	NA	NA	%
Samtals	NA	NA	%	NA	NA	%

Heildarniðurstöður fyrsta áfanga

Verkefnið var að kortleggja tölfræði og er því að mestu lokið. Beðið er upplýsinga frá fjórum sjóðum auk upplýsinga um styrkfjárhæðir. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir mun verða rýnt í gögnin og lagt mat á þau með kynjasjónarmið að leiðarljósi.

Næstu skref

Í samræmi við tíma- og verkefnaáætlun mun teymið nýta síðari hluta ársins 2012 til þess að kortleggja og kyngreina virka vísindamenn á hinum ýmsum sviðum vísinda. Einnig verður skoðað út frá kynjasjónarmiði hvernig staðið er að vali í fagráð og nefndir og hvort virkar og raunhæfar jafnréttisáætlanir séu til fyrir sjóðina. Kyngreindar upplýsingar um fjárhæðir styrkja voru ekki aðgengilegar en kallað hefur verið eftir þeim.